2210946 Bókasafnsþjónusta við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra í efri byggðum.

Þrjár ólíkar útfærslur frá Lísu Valdimarsdóttur forstöðumanni Bókasafns Kópavogs:

1. Ferðatöskur með bókum frá okkur færu í leikskólana í efri byggðum og þannig hefðu leikskólarnir meira úrval af bókum en þeir hafa nú þegar. Bókunum yrði skipt út tvisvar á ári og mögulega oftar ef óskað er eftir því. Leikskólarnir í efri byggðum eru 5-6 samtals og því er um svolítinn bókakost að ræða. Bókasafnið er því miður ekki svo vel statt núna í bókakosti til að geta lagt til bækur í ferðatöskurnar fyrir alla leikskólana 5-6. Þessum möguleika þyrfti að fylgja fjármagn svo hægt sé að gera þetta almennilega.

2. Opnað yrði lítið „pop up“ útibú í Kórnum fyrir leikskólana í efri byggðum. Rýmið sem um ræðir þyrfti ekki að vera meira en 60-80 fm. Útibúið yrði opið tvo morgna í viku og leikskólarnir í hverfunum í kring gætu komið í heimsókn þessa daga hvort sem væri til að fá lánaðar eða skila bókum eða koma í sögustundir. Bókasafnið getur með bókakosti sínum í dag lagt til bækur í „pop up“ safnið og starfsfólki getur gert þetta litla safn huggulegt og notalegt með litlum tilkostnaði. Safnið yrði mannað af starfsfólki aðalsafns og því myndi enginn viðbótarlaunakostnaður bætast við. Notuð yrði ein af gömlu sjálfsafgreiðsluvélunum þar sem safnið er að fá nýjar vélar í maí. Safnið yrði eingöngu opið þessa tvo daga, þetta yrði ekki sjálfsafgreiðslusafn.

3. Opnað yrði sjálfsafgreiðslusafn í Kórnum þar sem einni af gömlu sjálfsafgreiðsluvélunum yrði komið fyrir ásamt bókahillum með barnabókum. Leikskólarnir í hverfunum í kring gætu því komið þegar þeim hentar og skilað og fengið lánaðar bækur. Starfsfólk bókasafnsins færi reglulega 1-2 í viku og fylgdist með litla safninu og fyllti á bækur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026